

Bæjarútgerðin í Hafnarfirði síst til fyrirmyndar.

Stórkostlegt tap, sem Hafnarfirðingar verða að greiða.

Alþýðublaðið á laugardaginn er mjög hróðugt yfir ræðu Emils Jónssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði, sem hann flutti á Alþýðuflokksfundinum í Iðnó á föstudagskvöldið. Blaðið kveður ræðuna hafa verið það eftirtektarverðasta, sem sagt var á þessum fundi, og dagana síðan hefir blaðið verið að smjatta á þessari ræðu.

Alþýðublaðinu farast svo orð um ræðumann: „Hann kvað Hafnarfirðinga vera búna að lifa og sjá hrun einkabráskansins...“ „Bærinn rjæðist í að kaupa togara og stöð, og lá hann þó í sárum eftir hrun einkabráskansins...“ — og togarinn er ekki í höndum neins einstaklings, sem getur lagt honum upp, þegar honum list, heldur er hann í höndum verkalýðsins sjálfs, jafnaðarmanna í bæjarstjórninni.“ — Svo segir blaðið: „Þetta er fjárhagsmál og atvinnumál, og því hið stærsta þingmál.“

Í febrúarmánuði 1931 rjæðist bæjarstjórnin í Hafnarfirði í það að kaupa togarann Maí. Kaupverð var 235 þús. krónur. Bæjarstjórnin fjekk Ásgeir Stefánsson byggingameistara, viðurkendan dugnaðarmann, til þess að veita fyrirtækinu forstöðu. Árið 1931 fiskaði skipið mjög samlega, og virtust ekki sjerstök mistök eiga sjer stað við reksturinn. Til dæmis fór togarinn ekki á síldveiðar sumarið 1931 og slapp því við þann skaða, sem mörg önnur skip urðu fyrir af völdum Síldareinkasölunnar.

Reikningar bæjarútgerðarinnar í Hafnarfirði fyrir árið 1931 hafa undanfarna daga legið frammi almenningi til sýnis. Þar sem hjer er um rekstur að ræða, sem að fyrra bragði hefir verið dreginn inn í stjórnmál hjer í bænum, er ekki úr vegi, að almenningur fái að heyra nánar um bæjarútgerð þessa.

Bókfært tap á aðalrekstrarreikningi útgerðarinnar er kr. 79.971.85. — Hið raunverulega tap er miklu meira, því að engin fyrning hefir verið reiknuð skipinu og tapið er því um 16 þúsund krónum hærra. Ennfremur er klössun á skipinu og partur af venjulegu viðhaldi talin sem eignaaukning, og nemur sú upphæð kr. 30.533.51. **Raunverulegt tap er því að minsta kosti kr. 126.500.00.** Samt hefir framkvæmdastjórnin gefið fyrirtækinu laun sín og nokkur vafi getur leikið á því, hvort telja beri til eignaaukningar þær kr. 29.874.17, sem færðar hafa verið til eignaaukningar vegna kaupna á miðunarstöð og yfirhitun og til greiðslu á stimpilgjaldi.

Skuldir bæjarfjelagsins vegna togaraupanna og rekstrar togarans voru um síðastliðin áramót kr. 558.989.03. Upp í það á bærim auðvitað togarann, vörubúgðir o. s. frv. Hjer eru ekki taldar skuldir út af kaupum á fiskverkunarstöð, þótt kaupin á stöðinni hafi staðið í sambandi við kaupin á togaranum. Bæjarútgerðin í Hafnarfirði, sem ekki á nema eitt skip, hefir á einu ári raunverulega tapað kr. 126.500.00. Á sama tíma hafa 7 aðrir togarar og fiskverkunarstöðvar þeirra í Hafnarfirði greitt í út svör til bæjarins rúmar kr. 60.000.00, en bæjarútgerðin hefir ekkert útsvar greitt. Hefði bæjarstjórnin í Hafnarfirði keypt alla togarana, sem þaðan ganga,

og afkoman orðið sú sama og hjá Maí, hefði tapið á öllum 8 togarunum orðið kr. 1.012.000.00 og skuldir bæjarfjelagsins vegna togaranna hefðu um áramótin numið 4 milljónum 472 þúsundum króna. Að sjálfsögðu væru þá einnig tapaðar fyrir bæinn þær 60 þúsundir, sem hinir togararnir hafa greitt í útsvör.

Hjeðan úr bænum stunduðu 24 togarar veiðar þetta ár. Útgerðarfjelög þeirra höfðu í útsvör 175.000.00. Ef komið hefði verið á hjer bæjarútgerð undir handleiðslu Ólafs Friðrikssonar og Sigurjóns, og þeim hefði tekist eins vel og flokksbræðrum þeirra í Hafnarfirði, sem þó er alls ekki gævandi ráð fyrir, hefði tapið orðið kr. 1.919.000.00 miðað við bókfært tap á togaranum Maí, kr. 79.971.85, en ef reiknað er með hinu raunverulega tapi, þá 3 milljónir og 36 þúsundir. Útsvörin, sem togarafjelögin bera nú, myndu hafa lent á öðrum bæjarhöndum, auk hins gifurlega taps útgerðarinnar.

Landsmenn og ríkissjóður hafa orðið varir við töpin á þeim fyrirtækjum, sem jafnaðarmenn hafa veitt forstöðu, til dæmis samvinnuútgerðinni á Ísafirði og Síldareinkasölunni, og þó að stjórnmál á bæjarútgerðinni í Hafnarfirði sje að öllu leyti skaplegust af stjórnmálum þessara þriggja fyrirtækja, þá er árangurinn síst þannig, að hann freisti annara bæjarfjelaga til þess að leggja inn á sömu braut.

Hitt er annað mál, að ástæða er fyrir bæjarstjórnina í Reykjavík og landsstjórnina að styðja að viðgangi togaraútgerðarinnar, með því m. a. að ljetta að einhverju leyti þá þungu skatta, sem á henni hvíla, í stað þess að ofsækja hana og gera henni sem erfiðast fyrir, eins og þeir Tímamenn og sósíalistar jafnan reyna.

Rannsóknirnar í Íslendingabygðunum fornu Grænlandi.

Hjer í blaðinu fyrir skömmu var skýrt frá fornléifarannsóknunum dr. Nörlunds og fjelaga hans í Grænlandi í sumar. M. a. var getið um rannsóknirnar á gömlu Íslendingabygðunum að norðaustanverðu við Godthaabsfjörðinn. Roussel, aðstoðarmaður dr. Nörlunds, rakst þar á stóran kirkju-garð, gróf þar upp all-margar grafir og fann heillegar beinagrindur af afkomendum íslensku landnámsmannanna í Grænlandi. Fjórar af beinagrindunum voru sendar til Danmerkur. Þær komu þangað með „Disko“ í lok september. Síðan hefir F. C. C. Hansen, prófessor í læknisfræði, haft þær til rannsóknar. Rannsóknun hans er enn ekki lokið, en hann hefir þó þegar gefið ýmsar upplýsingar um þennan merkilega fund. Frásögu próf. Hansens er í aðalatriðum á þessa leið: Það er auðsætt á öllu, að þetta eru beinagrindur af mönnum, af norrænni ætt. Íslendingabygðin á þessum slóðum, þar sem beinagrindurnar fundust, lagðist í auðn um 1370. Beinagrindurnar eru því af mönnum, sem hafa búið þarna fyrir þann tíma. Þær eru því að minsta kosti 500—600 ára

gamlar. Þær eru um 160 cm. að lengd. Þetta eru hinar heillegustu beinagrindur frá fornöld, sem fundist hafa í Grænlandi. Sumstaðar eru enn dálitlar leifar af húð á beinunum. Einkum hafa hauskúpurnar geymst vel. Á einni þeirra, hauskúpu af karlmanni, er langt, ljóst hár. Það hefir náð langt niður á herðar. Alt er þetta beinagrindur af fullorðnu fólki, 30—40 ára, ein þeirra að líkindum af kvenmanni.

Mjög merkilegar eru tennurnar í þessum hauskúpum. Tennurnar eru slitnar niður að rótum, þótt þarna hafi verið um tiltölulega ungt fólk að ræða. Eskimóar á svipuðum aldri hafa ekki svo slitnar tennur. Íslendingar á Grænlandi hafa auðsjáanlega oft átt við halleri að búa. Þeir hafa orðið að lifa á seigri jurtafæðu, þegar búfje þeirra fjell og veiðar brugðust, bæði á sjó og landi.

Enginn vafi er á því, að afkomendur íslensku landnámsmannanna í Grænlandi hafa þjáðst af mörgum sjúkdómum, bæði líkamlega og andlega, segir próf. Hansen. T. d. má sjá á einni beinagrindinni, hvernig þessi maður hefir þjáðst af gigt, og það svo mikið, að hann hefir átt erfitt með að hreyfa höfuðið.

Ekkert bendir til þess, að hinar umræddu beinagrindur sjeu af mönnum, sem fallið hafi fyrir Eskimóum. En hvers vegna hafa þeir þá dáðið svo ungrir? Þeir hafa blátt áfram orðið ellidandi þótt þeir væru ekki nema 30—40 ára, segir próf. Hansen. Afkomendur íslensku landnámsmannanna urðu ekki eldri en þetta. Æfiskjör þeirra voru svo erfið, að þeir voru búinir að slíta sjer út, þegar þeir urðu fertugir, oft jafnvel fyr.

Það var lengi óráðin gáta, hvers vegna íslenska nýlendan í Grænlandi leið undir lok, segir próf. Hansen. En skýringin er vafalaust sú, að þessi sterka þjóð úrkynjaðist smátt og smátt vegna óblijra lífsskilyrða og einangrunar. Ís, kuldi, halleri og einangrun veikti smátt og smátt þrótt Íslendinga í Grænland, ekki síst einangrunin, sem leiddi til hjónabanda milli náinna skyldmenna. En rannsóknirnar í Grænlandi að undanförun hafa leitt það í ljós, að afkomendur íslensku landnámsmannanna gáfust ekki upp fyr en á 15. öld, þrátt fyrir alla erfiðleikana. Og þetta sýnir greinilega, hve þrekmiklir þeir menn voru, sem upphaflega numu land á Grænlandi, segir próf. Hansen að lokum.

Khöfn í okt. 1932.

P.

Frú Sigríður Pálsdóttir Siglufirði.

Frú Sigríður Pálsdóttir, ekkja Hafliða Guðmundssonar hreppstjóra á Siglufirði, andaðist á föstudaginn þ. 14. þ. m. að heimili tengdasonar síns Sophusar Blöndal.

Frú Sigríður var fædd þ. 5. nóv. 1856 að Holti við Reykjavík. Voru foreldrar hennar Páll Magnússon útgerðarmaður og kona hans Guðný Lýðsdóttir.

Árið 1880 giftist hún Hafliða Guðmundssyni hreppstjóra á Siglufirði. Var hún búsett á Siglufirði alla æfi síðan. Mann sinn misti hún árið 1917. Alla stund, sem þau hjón lifðu bæði, var heimili þeirra forystheimilið Siglu-fjarðar. Þar var öllum tekið með hinni mestu raun og glæðverð. Þar áttu margir nauðleitar menn skjól. — Mátti segja að heimili þeirra seti að nokkru svip á Siglufjörð langt fram eftir árum, að gestrisni, hjálp-

fýsi, samúð og rausn. Átti frá Sigríður sinna mikla þátt í því, enda átti hún alla æfi miklum vinsældum að fagna, og naut trausts og vináttu þeirra, sem henni kyntust.

Þeim hjónum varð sex barna auðið. Dó eitt þeirra í æsku. En fimm eru á lífi: Helgi kaupm. og afgreiðslumaður á Siglufirði, Kristín, ekkja Halldórs Jónassonar kaupm., Guðmundur hafnarvörður, Andrjes kaupm. og Ólöf, gift Sophus Blöndal. Öll hafa þau systkini haldið trygð við Siglufjörð fram á þenna dag.

Glögt er það enn hvað þeir vilja.

Tímanum er það tamt að tala um rannsóknir, heimta og fyrirskipa rannsóknir á ýmsu því, er ekki snertir hans eigin fylgismenn.

Um daginn heimtaði hann rannsókn á því, hvers vegna togaraútgerðin hjer í Reykjavík hefði borið sig illa undanfarin ár.

Sennilega eru það ekki margir menn sem eru búsettir hjer í Reykjavík, aðrir en ritstjóri Tímans, er vita ekki um allar aðalorsakir þessa.

Afurðir útgerðarinnar hafa fallið í verði.

En þrátt fyrir verðfallið hafa sömu kröfur verið gerðar til útgerðarmanna um kaupgjald, tola og skatta.

Það þarf enga rannsókn til að komast að þessu.

En rannsaka þarf, hve miklar byrðar útgerðin getur nú borið, í kaupgreiðslum, tollum og sköttum, til þess að hún geti borið sig, og orðið framvegis sem hingað til megin stoð hins íslenska atvinnulífs.

En þegar bandamennirnir, fjandmenn Reykjavíkur, sósíalistar og Tímamenn, tala um rannsókn á útgerðinni, þá er það vitanlegt, að rannsókn þeirra miðar öll að því, að koma efnahagsstarfsemi útgerðarinnar fyrir kattarnef.

Að þessu sameiginlega marki hafa þessir tveir flokkar, eða tvö flokksbrot af sama toga, unnið. Sósíalistar hafa hnekt útgerðinni með því að ala fylgismenn sína upp í þeirri villu, að það sje sjómanna hagr og verkamanna að heimta kaup, sem hefir enga stoð í afrakstri og afurðasölu útgerðarinnar.

En bandamennirnir í Tímaflokknum hafa unnið sitt verk gegn útgerðinni, með því að nota hina ranglátu skipun Alþingis til þess að koma fram skatta álögum, er sjerstaklega niðast á útgerðinni.

Enn eru þeir ekki sem best ánægðir með árangur iðju sinnar.

Af „rannsókn“ sinni hugsa þeir sjer að láta spretta einoknarfargan og opinberan rekstur, sem allir vita, er nokkuð vita, að verður útgerð landsmanna og efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar til niðurdreps.

Framtíð Reykjavíkur byggist á því, að hjer megi takast að reka sjálfstæð útgerðarfyrirtæki.

Framtíð sósíalista í þessum bæ byggist á því, að útgerðarfyrirtæki bæjarins fari í kaldakol.

Henderson sparkað af enska verkalýðsflokknum.

London, 18. okt.

United Press. FB.

Opinberlega tilkynnt, að Henderson láti af formenskustörfum í verkalýðsflokknum. Talið er vist, að George Lansbury taki við formenskustörfunum.



G.S.
kaffibætlir

getur ekki stært sig af hárrí elli, hvorki af 100 árum, 75 árum eða 60 árum.

En hann getur stært sig af því að 2 árum hefir hann fengið

alþjóðarlof.

IDNO kl. 8¹/₂.

Föstudaginn 21. okt.

Þórhallur Arnason.

Emil Thoroddsen.

Estoista.

Aðgöngumiðar seldir í Hljóðfærahúsi Reykjavíkur, sími 656, Hljóðfærahúsi austurbæjar, sími 15, Bókaverslun E. P. Briem, sími 26 og bókaverl. Sigf. Eymundssonar, sími 135.

Aðgöngumiðar kosta kr. 1.00, 1.50, 2.00 og 3.00 svalt.



Skemtilkvöld

á morgun, fimtudaginn 20. þ. m. á Café Vifill, hefst kl. 9 e. h.

Dans o. fl.

Fjelagsmönnum heimilt að taka með sjer gesti.

Aðgangur ókeypis.

Fjölmennið stundvíslega.

Stjórnin.



Fundur í kvöld, miðvikudag 19. október kl. 8¹/₂ í K.-R.-húsinu, uppi.

Fundarefni:

Vetrarstarfsemi fjelagsins.

Árðandi að fjelagar fjölmenni.

Stjórnin.